

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 4. maí 2016 í máli nr. S-549/2012:

Ákærvaldið

(Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari)

gegn

Sverri Hjaltasyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

I

Málið, sem dómtekið var 11. apríl síðastliðinn, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 23. júlí 2012 gegn Sverri Hjaltasyni, [..., ...] fyrir nauðgun með því að hafa fimmtudaginn 28. júní 2012, á nuddstofu sem ákærði starfrækti að Suðurlandsbraut 6, Reykjavík, haft önnur kynferðismök en samræði við A með því að beita hana ofbeldi eða ólögumætri nauðung. Ákærði, sem hefur starfað sem nuddari í 22 ár, lét A, sem var í nuddi hjá honum vegna vandamála í mjóbaki, afklæðast nærbuxum, káfaði á kynfærum A þar sem hún lá nakin á nuddbekk og setti fingur inn í leggöng hennar, henni að óvöru.

Er þetta talið varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við 199. gr. og 209. gr. sömu laga.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Brotþoli krefst miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 1.200.000 krónur auk vaxta, skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 28. júní 2012 til 13. ágúst 2012 en með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags auk greiðslu málskostnaðar vegna réttargæslu.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Krefst hann þess að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði. Ákærði krefst þess að skaðabótakröfunni verði vísað frá dómi, en til vara að bætur verði lækkaðar.

Mál þetta var upphaflega dæmt í héraðsdómi 28. september 2012 og ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940. Með dómi Hæstaréttar 24. apríl 2013 var dómur héraðsdóms ómerktur og málinu vísað heim í hérað á ný til löglegrar meðferðar á þeim grundvelli að ástæða hefði verið til að verða við þeirri kröfu ákærða fyrir héraðsdómi að aflað yrði mats sérfróðra matsmanna við málsmeðferðina varðandi það hvort aðferðir þær sem ákærði beitti við nuddið væru viðurkenndar, en þannig hefði meðal annars mátt leiða í ljós hvort efni hafi verið til að nudda brotþola á þeim stöðum og á þann hátt sem ákærði lýsti. Eftir heimvísun dómkvaddi héraðsdómur tvo sérfróða matsmenn til að leggja mat á þessi atriði og skiluðu matsmenn niðurstöðu sinni 27. nóvember 2013. Ákærði óskaði í framhaldi

eftir því að dómkvaddir yrðu yfirmatsmenn til að leggja mat á sömu atriði. Við meðferð beiðni um yfirmat komu fram athugasemdir frá yfirmatsmönnum sem leiddu til þess að ákærði óskaði eftir því að yfirmatsmenn myndu víkja sæti í málinu. Með dómi Hæstaréttar 25. ágúst 2014 var orðið við kröfu ákærða um að yfirmatsmenn myndu víkja sæti og aðrir kvaddir til starfans. Í framhaldi krafðist ákærði þess að dómsformaður viki sæti í málinu. Með dómi Hæstaréttar 24. september 2014 féllst Hæstiréttur á að dómsformaður væri vanhæfur í málinu. Sá dómsformaður sem nú fer með málið fékk það til meðferðar 27. september 2014. Með úrskurði héraðsdóms 3. október 2014 var fallist á kröfu ákærða um að hinir sérfróðu meðdómsmenn í málinu vikju sæti í málinu. Í þinghaldi 29. október 2014 voru á ný dómkvaddir yfirmatsmenn til að framkvæma yfirmat. Ákærði hefur verið búsettur í Bandaríkjunum. Vegna veikinda ákærða náðu yfirmatsmenn ekki að ljúka yfirmatsgerð fyrir en 15. desember 2015. Í framhaldi var aðalmeðferð málsins ákveðin 7. apríl 2016.

Mánudaginn 2. júlí 2012 mætti brotaþoli á lögreglustöð og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot. Greindi hún frá því að hún hafi farið í nudd til ákærða fimmtudaginn 28. júní 2012, en hann hafi verið með nuddastöðu í skrifstofuherbergi að Suðurlandsbraut 6 í Reykjavík. Hafi brotaþoli tjáð ákærða að hún glímdi við vandamál í mjóbbaki. Í fyrstu hafi allt verið eðlilegt í nuddinu. Það hafi verið sársaukafullt, eins og það ætti að vera. Brotaþoli hafi vitað að ákærði væri nuddari sem byggi í útlöndum, en starfaði sem íþróttanuddari hér á landi á sumrin. Hún hafi farið úr öllu nema nærbuxum og í fyrstu legið á maganum. Eftir að hún snéri sér yfir á bakið hafi nuddið breyst. Hafi ákærði nuddað og fært til brjóst hennar en hann hafi sagt að þetta stór brjóst þyrfti að nudda. Á þessum tímapunkti hafi ákærði beðið brotaþola um að fara úr nærbuxum. Eftir það hafi hann fært sig neðar á líkama hennar. Hafi hann meðal annars nuddað yfir lífbeinið og verið óþægilega nálægt kynfærasvæðinu. Hann hafi rennt hönd um klof brotaþola þannig að höndin hafi snert skapabarma hennar. Síðan hafi hann sett fingur inn í leggöng brotaþola. Hún hafi sagt ákærða að hætta þessu. Þrátt fyrir það hafi hún klárað nuddtímann en ákærði hafi einungis nuddað höfuð hennar eftir þetta. Brotaþoli hafi verið sem frosin og ekki vitað hvað hún ætti að gera. Því hafi hún klárað tímann. Hafi ákærði sagt að þennan tíma fengi hún ókeypis og ætti hún að hringja í hann ef hana verkjaði aftur. Kvaðst brotaþoli hafa leitað til vinkonu sinnar og því næst farið á neyðarmóttökuna á Landspítalanum. Henni liðið mjög illa vegna þessa atburðar.

Ákærði var handtekinn daginn eftir, eða þriðjudaginn 3. júlí 2012, og færður til skýrslutöku hjá lögreglu. Með úrskurði héraðsdóms 3. júlí 2012 var ákærði

úrskurðaður í farbann allt til þriðjudagsins 24. júlí 2012. Farbannið var síðan framlengt með úrskurðum héraðsdóms, alls fjórum sinnum, þ.e. þann 21. ágúst, 18. september, 16. október og loks 26. október 2012. Með síðasta úrskurðinum, var ákærða gert að setja tryggingu fyrir því að hann myndi mæta til afplánunar kæmi til þess að hann yrði dæmdur til fangelsisrefsingar vegna málsins.

Á meðal gagna málsins er skýrsla um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola. Samkvæmt skýrslunni mætti brotaþoli á neyðarmóttöku fimmtudaginn 28. júní 2012 kl. 18.30. Í frásögn sjúklings í skýrslunni er skráð eftir brotaþola að ákærði sé íþróttanuddari að mennt og starfi í Bandaríkjunum en á sumrin starfi hann á Íslandi. Brotaþoli hafi heyrt vel af ákærða látið og ákveðið að fara til hans þar sem hún hafi tagnað í baki. Hún hafi átt tíma mánudaginn áður en frestað honum til 28. júní vegna sólbruna. Ákærði hafi sagt henni að hún mætti fara úr öllu sem hún vildi fara úr. Hún hafi farið úr öllu nema nærbuxum og lagst á magann áður en ákærði kom inn. Hann hafi byrjað að nudda hana og hún spurt hann út í eymslin sem hrjáðu hana og hvað hann héldi að væri að. Hafi ákærði sagt að hann þyrfti að fara mjög nærri viðkvæmu svæði. Hann hafi nuddað hana og allt verið eðlilegt. Hann hafi nuddað lærin og spurt hana hvort hún væri til í að fara úr nærbuxunum því þær væru mjög þröngar. Hún hafi sagt það vera í lagi og ákærði snúið sér undan á meðan. Í framhaldi hafi ákærði nuddað lærin mjög ofarlega innanvert og nærri kynfærum. Svo hafi hann nuddað á henni axlirnar og að því búnu beðið hana um að snúa sér við og á bakið. Hafi hún sett yfir sig teppið og ákærði spurt hana hvort hún væri feimin og hvort hann mætti nudda vöðvana í kringum brjóstin. Hann hafi náð í krem og sagt að hann þyrfti að nudda í kringum þessi stóru brjóst. Síðan hafi hann nuddað magann alla leið að lífbeini og framhaldi nuddað framanverða fótleggi. Henni hafi fundist undarlegt að ákærði hafi nokkrum sinnum strokið yfir lífbein hennar og þegar hann hafi strokið læri hennar með annarri hendi og verið með hina höndina á svæðinu í kringum brjóst hennar hafi henni liðið illa. Þegar hann hafi snert sníp hennar og stungið fingri inn í leggöng hennar hafi henni brugðið og ýtt í ákærða og sagt honum að gera þetta ekki. Ákærði hafi samstundis hætt og sagt fyrirgefðu, alla vega þrisvar sinnum. Hann hafi byrjað að nudda aftur og þá axlir hennar og höfuð. Hann hafi breitt yfir hana teppi og að því búnu reynt að tala við hana og halda uppi samræðum.

Að nuddinu loknu hafi ákærði farið út úr herberginu og sagt að hann kæmi aftur þegar brotaþoli væri búinn að klæða sig. Brotaþoli hafi klætt sig í flýti og fundið gleraugun sín. Ákærði hafi komið inn aftur og sagt að brotaþoli þyrfti ekki að greiða fyrir tímann þar sem það íþróttafélag sem hún væri meðlimur í ætti í miklum viðskiptum við hann. Hann hafi kallað á eftir brotaþola að hún skyldi hringja í hann ef hún fengi meiri verki. Brotaþoli hafi farið út í bíl í sjokki og farið

að gráta. Hún hafi hringt í sambýlismann sinn og farið til hans í vinnuna. Hann hafi komið út í bíl til hennar og séð hana grátandi. Hún hafi eftir þetta hringt í vinkonu sína, sem væri sálfræðingur og þær farið saman á neyðarmóttökuna. Í niðurlagi skýrslunnar er fært að frásögn brotaþola hafi verið trúverðug. Í þeim hluta skýrslu neyðarmóttöku þar sem skráð er um ástand við skoðun er merkt við að brotaþoli hafi við komuna verið í losti og fengið grátköst. Hún hafi verið með skjálfta, hroll og vöðvaspennu. Þá hafi hún verið með ógleði og magaverki. Í niðurstöðu læknis er skráð að brotaþoli hafi verið í sjokki við komuna og í mikilli vanlíðan. Hún hafi verið mjög eirðarlaus og með mikinn málþrýsting.

Sálfræðingur ritaði 17. ágúst 2012 vottorð vegna brotaþola. Fram kemur að brotaþoli hafi mætt í 4 viðtöl hjá sálfræðingnum á tímabilinu 5. til 31. júlí 2012. Í viðtölunum hafi farið fram endurtekið greiningarmat á afleiðingum hins ætlaða kynferðisbrots. Í niðurstöðu kemur fram að veittur hafi verið sálrænn stuðningur og áfallamiðuð hugræn atferlismeðferð við áfallastreituröskun og öðrum afleiðingum hins ætlaða brots. Sálræn einkenni brotaþola í kjölfar áfallsins samsvari einkennum sem þekkt séu hjá fólki sem hafi upplifað alvarleg áföll eins og líkamsárás, nauðgun, stórslys eða hamfarir. Niðurstöður sjálfsmatsmælikvarða samsvari vel frásögnum hennar í viðtölum. Hafi hún ávallt virst hreinskilin, trúverðug og sjálfri sér samkvæm. Allt viðmót brotaþola hafi frá upphafi bent til þess að hún hafi upplifað ógn, ótta, hjálparleysi, svik og niðurlægingu í kjölfar atburðarins. Hafi brotaþoli sýnt jákvæð viðbrögð við þeirri meðferðarvinnu er í gangi væri. Meðferðarárangur væri hægfare en hún væri að ná aðeins betri stjórn á daglegu lífi. Einkenni kvíða og depurðar hafi minnkað en einkenni áfallastreitu yllu henni enn mikilli vanlíðan og verulegri truflun hvað varðaði framtíðarplön. Væri hún enn að glíma við svefntruflanir og einbeitingarerfiðleika. Hún hafi ekki getað haldið áfram með nám sem hún hafi verið í. Væri ljóst að atburðurinn hefði haft mikil neikvæð áhrif á brotaþola. Ekki væri hægt að segja til um langtímaáhrif þar sem einungis tæpir 2 mánuðir væru liðnir frá atburðinum. Tíminn yrði að leiða það í ljós hvernig brotaþola gengi að vinna úr langtímaáhrifum áfallastreituröskunar.

Í niðurstöðu matsgerðar undirmatsmanna 27. nóvember 2013, tveggja löggiltra sjúkranuddara, sem að kröfu ákærða voru dómkvaddir til að meta hvort aðferðir sem ákærði beitti við nuddið væru viðurkenndar, kemur fram að matsfundur hafi verið haldinn þar sem saman hafi verið komin sækjandi, réttargæslumaður brotaþola, ákærði og verjandi hans. Matsgerð væri miðuð við þá frásögn ákærða að hann hafi verð að losa vöðvafestur í nára og beitt til þess aðferð sem kölluð væri „Startle reflex“ eða „Pelvic floor techniques“. Ákærði hafi útskýrt aðferðina nánar á matsfundi. Þar hafi komið fram að aðferðin væri framkvæmd þannig að þrýst væri með fingri á „trigger“ punkt í vöðva á spangarsvæðinu og

skjólstæðingur beðinn um að spenna á móti. Var það niðurstaða matsmanna að „Startle reflex“ aðferðin eða „Pelvic floor technique“ væru ekki viðurkenndar aðferðir í nuddfræðum. Meðferð á „pelvic floor“ vöðvum þekktist en væri ekki framkvæmd af nuddurum heldur sérfræðingum sem hefðu til þess sérstakt leyfi.

Í niðurstöðu matsgerðar yfirmatsmanna frá 15. desember 2015, þriggja löggiltra sjúkranuddara, sem dómkvaddir voru til að framkvæma yfirmat í málinu, kemur fram að eftir margar tilraunir hafi tekist að halda yfirmatsfund 9. desember 2015, en fundinn hafi setið sækjandi, réttargæslumaður brotaþola og verjandi ákærða. Ákærði hafi tekið þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað frá Bandaríkjunum þar sem hann hafi verið staddur. Með ákærða á þeim fundi hafi verið Stuart White sérfræðingur í „Startle reflex“ meðferð. Sú aðferð er ákærði lýsi að hann beiti kallist „Startle reflex“ eða „Pelvic floor technique“. Þekktist sú aðferð ekki sem meðferð hjá löggiltum sjúkranuddurum á Íslandi. Yfirmatsmenn hafi ekki heyrt af aðferðinni áður en þeir hafi verið fengnir til starfans. Ekki hafi fundist mikið af gögnum um þessar aðferðir við gagnaleit. Stewart White hafi hins vegar lýst aðferðarfræðinni. Geti yfirmatsmenn eftir þá yfirferð fallist á að aðferðin geti gagnast skjólstæðingum í ákveðnum tilfellum. Sjúkranuddarar á Íslandi meðhöndli almennt ekki kynfærasvæði skjólstæðinga. Það sé starfsregla sjúkranuddara að taka sjúkrasögu skjólstæðinga sinna við upphaf meðferðar og upplýsa um fyrirhugaða meðferð. Ávallt skuli leita upplýsts samþykkis áður en meðferð sé hafin og sé mikilvægt að skjólstæðingur átti sig á öllum helstu þáttum meðferðarinnar. Ákærði virðist hafa skoðað líkamsstöðu brotaþola áður en meðferð hófst. Hann hafi verið upplýstur um að brotaþoli væri til hans kominn vegna verkja í mjóbaki, en virðist þó ekki hafa tekið greinargóða sjúkrasögu. Virðist ljóst að ákærði hafi fengið samþykki fyrir því að afhjúpa brjóst brotaþola og fengið samþykki fyrir meðhöndlun viðkvæms svæðis efst í rassskoru brotaþola. Það samræmist ekki starfsreglum sjúkranuddara að afhjúpa geirvörtur í meðferð en ekkert athugavert sé við það að nudda brjóstvöðva eða vöðvafestur efst í rassskoru. Tekið skuli fram að sjúkranuddarar fari aldrei undir lak eða handklæði í meðferð sinni, en ekkert athugavert sé að meðhöndla líkamshluta í gegnum lak eða fatnað. Það sé vel þekkt í nuddi að nudduð séu innanverð læri og nári. Þá sé mjög eðlilegt að sá fótleggur sem meðhöndlaður er sé beygður við hné og snúinn út við mjöðm svo auðveldara sé að meðhöndla svæðið. Aftur á móti þekktist meðhöndlun spangarsvæðis ekki hjá íslenskum sjúkranuddurum. Í ákveðnum tilfellum geti verið betra að meðhöndla vandamál skjólstæðinga séu þeir án nærfata. Þessi beri þó að gæta að færð séu rök fyrir því að skjólstæðingur þurfi að fara úr nærfötum og sé skjólstæðingi ávallt gefið val. Matsmenn telji ekkert athugavert við að rassvöðvar, nári, læri og mjaðmasvæði sé meðhöndlað þegar um verk í mjóbaki sé að ræða. Verulegur

munur sé á regluverki nuddara annars vegar og sjúkranuddara hins vegar. Sjúkranudd sé lögverndað starfsheiti og hafi embætti landlæknis og velferðarráðuneytið eftirlit með starfsemi. Matsmenn viti ekki til þess að neitt formlegt eftirlit sé haft með starfsemi íslenskra nuddara og þeim aðferðum sem þeir beiti. Nuddstofur þurfi þó að standast kröfur heilbrigðiseftirlits.

Eins og áður greinir gaf ákærði skýrslu hjá lögreglu 3. júlí 2012. Þá gaf hann skýrslu við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Ákærði kvaðst hafa flutt til Bandaríkjanna fyrir mörgum árum síðan. Þar hafi hann lært íþróttanudd. Á námsárunum hafi hann kynnst B og C, sem einnig hafi verið úti í námi á þeim tíma. Hafi þróast með þeim góður vinskapur. B og C hafi flutt aftur til Íslands, en ákærði dvalið áfram úti, þar sem hann væri búsettur í dag og ætti fjölskyldu. Ákærði kvaðst hafa tekið mörg námskeið í nuddi í Bandaríkjunum. Þar hafi hann m.a. lært svokallaða „Startle reflex“ eða „Pelvic floor technique“, sem gagngert væri ætluð vegna verkja í mjóbaki. Væru punktar í grindarbotni sem þeir sem notuðu þessa aðferð lærðu að þrýsta á. Þessi aðferð væri ætluð vegna grindarbotnsmeðferðar, t.d. vegna bakverkja. Ákærði kvaðst vera fyrrum lyftingamaður. Væri hann handsterkur, en margir íþróttamenn væru að sækjast eftir nuddi þar sem nuddað væri djúpt. Ákærði kvaðst sennilega hafa hitt brotaþola fyrst heima hjá vinafólki sínu B og C um ári áður en hún hafi komið í nudd til hans í júní 2012. Hvað varðaði aðdraganda þess að hún hafi farið í nudd til hans 2012 bar ákærði að brotaþoli hafi hringt til hans og greint frá því að hún væri í Cross Fit æfingum. Hún væri með mjóbaksvandamál sem hún þyrfti að fá meðhöndluð. Hún hafi fengið tíma hjá ákærða vegna þessa en afpantað hann og fengið annan tíma 28. júní. Þann dag hafi brotaþoli komið á nuddstofu ákærða að Suðurlandsbraut 6 í fylgd B. Ákærði og B hafi spjallað stuttlega saman. Í upphafi hafi ákærði beðið brotaþola að benda á hvar hana verkjaði og hafi hún bent á allt neðra svæði baksins. Brotaþoli hafi klætt sig úr og lagst á magann á nuddbekkinn í nærbuxum einum fata. Reynsla ákærða væri sú að íþróttamenn væru almennt ekki feimnir þegar kæmi að nuddi og þar sem brotaþoli hafi verið að æfa Cross Fit hafi hann ekki talið hana feimna. Hann hafi byrjað að nudda bakið allt frá buxustreng og upp á efri hluta baksins. Hann hafi reynt að átta sig á því hver gæti verið orsök vanda hennar. Ákærði hafi veitt því athygli þegar hún hafi komið á stofuna til hans að hún hafi verið með kryppu á bakinu og því séð ákveðin einkenni sem leitt hafi hann áfram. Er hann hafi nuddað hana hafi hann áttað sig á því að hún væri „illa þjálfuð“.

Á meðan ákærði hafi nuddað brotaþola hafi hún verið með lak yfir efri hluta líkamans. Hann hafi verið kominn með sár á innanverða olnboga, en hann hafi notað þá talsvert við nuddið. Nærbuxur brotaþola hafi verið úr stífu efni, sem sært

hafi olnbogana. Hann hafi beðið brotaþola um að fara úr nærbuxunum til að hann gæti hlíft olnbogunum. Brotaþoli hafi samþykkt það og farið úr nærbuxunum. Ákærði hafi haldið áfram að nudda og meðal annars nuddað á milli rófubeins og mjaðmabeins. Eins hafi hann nuddað aftanverð læri og kálfa. Brotaþoli hafi verið með sár í rassskorunni og hafi hann ekki viljað snerta það. Allan þennan tíma hafi brotaþoli verið með upphrópanir um ýmis persónuleg málefni sín. Eins hafi hún kvartað undan því að ákærði meiddi hana og hafi hann ekki talið sig geta gert meira fyrir hana. En þar sem hún hafi komið til hans fyrir ráðleggingar vina hans hafi fundið til ábyrgðar. Ákærði hafi áður unnið með C í grindarlosi, sem hún hafi glímt við og aðstoðað fleiri konur með samskonar vanda. Hann hafi sagt brotaþola að snúa sér við og hafi brotaþoli verið undir laki. Hafi ákærða fundist að hann yrði að gera meira fyrir brotaþola áður en hann léti hana frá sér.

Ákærði kvaðst hafa spurt brotaþola hvort hún væri feimin. Hún hafi neitað því. Í framhaldi hafi hann spurt hvort það væri í lagi að taka lakið ofan af brjóstum hennar. Hann hafi farið þess á leit til að komast betur að henni. Hann hafi farið inn á milli rifja á brotaþola og því næst tekið fyrir magavöðvana, en þeir festist neðarlega eða nærri lífbeini. Því næst hafi hann tekið við að vinna með hægri mjöðm hennar og lærvöðvann. Hafi hann beygt hægri fót um hné og sveigt fótinn út og unnið með innra lærið. Í grindarbotni væri vöðvi sem ákærði hafi ákveðið að kanna stöðuna á. Hafi það verið í tengslum við „Startle reflex“ eða „Pelvic floor technique“. Kynfæri brotaþola hafi verið hulin lakinu. Ákærði kvaðst ekki hafa útskýrt sérstaklega fyrir henni hvað hann væri að gera þó svo hann hafi verið að vinna nálægt kynfærasvæði hennar. Hafi hann þrýst á punkt í vöðva. Hann hafi almennt notað sérstakt krem sem hann hafi haft meðferðis til að nudda viðskiptavini. Hann hafi hins vegar ekki notað krem á svæðið nærri kynfærunum. Svo illa hafi viljað til að hann hafi fyrir slysi snert sköp brotaþola með nögl. Um mistök hafi verið að ræða en hann hafi ekki runnið til í kremi þar sem hann hafi ekki notað það á svæðinu. Er ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins 3. júlí 2012 greindi hann hins vegar frá því að hann hafi verið að prufa nýja aðferð við nuddið en þá hafi höndin á honum runnið til vegna þess að húðin var sleip undan kremi og hafi lítill partur af einum fingri farið inn í leggöng brotaþola. Fyrir dómi lýsti ákærði því að brotaþoli hafi sagt honum að gera þetta ekki. Hafi hann verið sleginn vegna þessa og myndi ekki hvort hann hafi afsakað sig við hana. Það gæti þó vel verið að hann hafi gert það. Hafi hann eftir þetta nuddað háls brotaþola og andlit, en tíminn hafi næstum verið búinn. Tími hennar hafi síðan klárast og næsti viðskiptavinur verið kominn.

Brotaþoli hafi farið í föt og ákærði spurt hana hvort hún væri til í að taka hnébeygju fyrir sig til þess að hann gæti séð stöðu hennar. Brotaþoli hafi ekki viljað

fara í hnébeygju en viljað fara í „planka“. Eftir það hafi hún farið. Hann hafi kallað á eftir henni og beðið hana um að láta sig vita hvernig henni liði eftir nuddið. Því næst hafi hann tekið til við að nudda næsta skjólstæðing. Brotapoli hafi ekki greitt fyrir nuddið þar sem hún hafi útvegað ákærða viðskiptavini úr Cross Fit æfingunum, auk þess sem óhappatilvikið með fingurinn hafi orðið til þess að ákærði hafi ákveðið að brotapoli myndi ekki greiða fyrir tímann.

Svo sem fyrr greinir gaf brotapoli skýrslu hjá lögreglu 2. júlí 2012. Þá gaf brotapoli skýrslu við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Brotapoli kvaðst hafa verið með vandamál í mjóbaki, en hún hafi stundað Cross Fit æfingar. Hún hafi verið að gera hnébeygjur með stöng og fundið eitthvað gerast í mjóbakinu. Þetta hafi verið sumarið 2011. Brotapoli kvaðst hafa þekkt til ákærða í gegnum vinafólk sitt, B og C. Hafi B og C látið vel af nuddi ákærða og haft á orði að hann væri góður fyrir íþróttafólk. Af þeim ástæðum hafi hún leitað eftir því að komast í nudd hjá ákærða. Hún hafi þurft að fresta bókuðum tíma hjá ákærða og fengið nýjan tíma fimmtudaginn 28. júní 2012. Umræddan dag hafi hún farið að Suðurlandsbraut þar sem ákærði hafi verið að nudda. Hún hafi hins vegar ekki fundið húsið. B hafi verið í nágrenninu og aðstoðað hana við að finna nuddstofu ákærða. Brotapoli kvaðst hafa farið inn í nuddaðstöðuna og klætt sig úr. Er ákærði hafi komið inn hafi hann spurt hvað væri málið. Hún hafi tjáð honum að hún væri að glíma við vanda í mjóbaki sem hún teldi að tengdist æfingum. Hafi ákærði beðið hana um að fara úr buxum. Hafi brotapola ekki þótt það neitt mál. Ákærði hafi horft á mjóbak hennar, væntanlega til að skoða stöðu hennar og látið hana snúa sér við. Í framhaldi hafi hann sagt við hana að hún skyldi fara úr því sem hún vildi og hafi hún farið úr hlýraból og íþróttatoppi sem hún hafi verið í. Síðan hafi hún lagst á magann á nuddbekkinn. Lak hafi verið á bekknum sem brotapoli hafi sett yfir sig. Ákærði hafi komið inn og brotapoli látið hann fá gleraugu sín. Ákærði hafi byrjað nuddið og nuddað bak, rasssvæðið, læri og kálfa. Um hafi verið að ræða eins konar íþróttanudd, sem hafi verið fremur harkalegt. Ákærði hafi síðan beðið hana um að fara úr nærbuxum því þær væru fyrir honum, en brotapoli kvaðst hafa verið í eins konar boxer nærbuxum. Hún hafi samþykkt það þó hún hefði aldrei gert slíkt áður í nuddtíma. Á meðan hún klæddi sig úr hafi ákærði ekki farið út úr klefanum heldur snúið sér undan. Hann hafi spurt brotapola hvort hann mætti koma við hana efst í rasskorunni og hafi hún leyft það. Ákærði hafi síðan beðið hana um að snúa sér yfir á bakið. Hún hafi verið með lak yfir sér allri. Ákærði hafi farið að nudda hendur hennar og síðan spurt hana hvort hún væri feimin og hvort hann mætti nudda brjóst hennar. Hafi hann sagt að það þyrfti að nudda þessi stóru brjóst og hún gefið leyfi fyrir því. Hann hafi þá farið að nudda brjóstin og á stöðum þar sem engar vöðvafestur væru. Hafi verið meira um „dútl“ að ræða og nuddið ekkert sárt.

Næst hafi ákærði nuddað maga hennar. Lakið hafi þá verið yfir kynfærum og fótum hennar. Ákærði hafi staðið fyrir aftan höfuð hennar og nuddað magann álútur yfir brjóstum hennar. Aðstaðan hafi verið óþægileg. Hann hafi teygt sig lengra og alla leið niður efst á lífbeinið. Ákærði hafi spurt hvort þetta væri vont. Brotapoli hafi ekki viljað þetta. Ákærði hafi fært sig til hliðar við hana og tekið til við að nudda læri, maga og lífbein á víxl. Henni hafi liðið illa og fundist hún ekki geta opnað augun. Hún hafi vonast til að þessu færi að ljúka en fundist hún ekkert geta gert. Hún hafi ekki viljað reita ákærða til reiði og áfram hafi hann haldið með sama hætti og nuddað lífbein og læri og endað uppi á mjaðmarbeini. Hann hafi síðan komið við barm kynfæra hennar. Sennilega hafi hægri fótur hennar verið beygður um hné og kynfæri hennar sennilega verið óhulin. Henni hafi fundist sem hún væri frosin og hún ekki getað opnað augun. Ákærði hafi ekkert sagt. Hann hafi endurtekið tvisvar til þrisvar sinnum snertinguna við barm kynfæra og einnig snert sníp hennar og hafi henni fundist sem ákærði væri að örva snípinn. Síðan hafi hann stungið fingri hálfra leið inn í leggöngin. Hún hafi hugsað með sér hvort einhver væri frammi. Hafi hún snert fót ákærða og sagt honum að hætta þessu. Ákærði hafi þá tekið fingur út úr kynfærum brotapolá. Hafi hann beðist afsökunar nokkrum sinnum og sagt að hún væri nú miklu slakari. Hún hafi verið reið.

Ákærði hafi eftir þetta nuddað höfuð hennar og axlir. Hafi hann ekki virst ætla að hætta og talað allan tímann. Brotapoli hafi ekki svarað honum og hugsað með sér að hún þyrfti að komast út. Hún heyrð að einhver var kominn frammi og hafi það sennilega verið næsti viðskiptavinur ákærða. Ákærði hafi sagt að hann vildi ræða við hana eftir nuddið. Hann hafi farið út og hún klætt sig á meðan. Ákærði hafi komið aftur inn áður en hún var búin að finna gleraugu sín. Hann hafi viljað að hún gerði einhverjar æfingar, eins og til dæmis hnébeygjur. Það hafi hún ekki viljað en farið í „planka“ í staðinn, en hún hafi þurft að gera einhverja æfingu sem reyndi á bakið. Brotapoli hafi síðan farið fram og gengið út ganginn. Ákærði hafi kallað á eftir henni og sagt henni að hringja ef bakið væri að valda henni vandræðum. Hún hafi ekki greitt neitt fyrir tímann en ákærði hafi sagt að hún hefði útvegað honum svo marga viðskiptavinum úr Cross Fit æfingum að hún þyrfti ekkert að greiða. Eftir það hafi hún farið út úr húsinu.

Hún hafi ekkert vitað hvað hún ætti að gera. Henni hafi liðið mjög illa og fengið grátköst. Hún hafi farið í vinnuna til kærasta síns. Eins hafi hún hitt C vinkonu sína og í framhaldi farið á neyðarmóttökuna. Málið hafi haft mikil áhrif á hana. Meðal annars hafi slitnað upp úr sambúð við sambúðaraðila eftir þetta, hún hafi átt mjög erfitt. Oft hafi hún endurlifað atburðinn og verið óvinnufær vegna þessa. Hún hafi þurft aðstoð sálfræðinga vegna þessa. Um hafi verið að ræða sálfræðing sem neyðarmóttakan hafi útvegað og síðan hafi hún verið hjá öðrum

sálfræðingi eftir það. Í dag væri hún hjá sálfræðingi, en það tengdist meira því að fyrrum sambýlismaður hennar hafi fallið frá. Þau hafi hætt saman eftir atburðinn, en tekið saman aftur síðar og ættu saman dóttur. Eftir atburðinn hafi staða hennar um tíma verið svo slæm að hún hafi ekki getað verið með dóttur sinni.

B kvaðst hafa búið í Bandaríkjunum fyrir löngu síðan og þá kynnst ákærða sem búi í Bandaríkjunum. Með þeim hafi þróast vináttusamband. Hafi B, ásamt fjölskyldu sinni, flutt aftur heim til Íslands árið 2005. Brotapoli hafi tengst fjölskyldunni, en hún hafi aðstoðað við þösson barna þeirra hjóna. Í júní 2012 hafi brotapoli þantað nudd hjá ákærða, sem hafi verið á Íslandi þetta sumarið og starfað sem nuddari. B hafi verið í næsta nágreppi við nuddstofuna er brotapoli hafi verið á leið í nuddið. Hafi brotapoli ekki fundið staðinn og leitað aðstoðar B. B hafi orðið samferða henni á nuddstofuna og notað tækifærið til að kasta kveðju á ákærða. Síðar þennan sama dag hafi B frétt að eitthvað hefði gerst í þessum nuddtíma. Þær upplýsingar hafi B fengið frá eiginkonu sinni. Kvaðst B hafa heyrt í ákærða um svipað leyti og spurt hann hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis. Ákærði hafi ekkert gefið út á það. B og C hafi verið í samskiptum við brotapola næstu daga. Hafi hún verið í uppnámi, pirruð og uppstökk. Reyndar hafi verið einhverjir sambúðarerfiðleikar í gangi hjá henni og sambýlismanni hennar á þessum tíma.

C kvað ákærða vera fjölskylduvin. Hún hafi kynnst honum þegar hún og fjölskylda hennar hafi búið í Bandaríkjunum fyrir mörgum árum síðan. Hún hafi flutt heim ásamt fjölskyldu sinni. Eftir að þau fluttu heim kom hafi brotapoli aðstoðað fjölskylduna við barnaþösson. Í júní 2012 hafi brotapoli farið í nudd til ákærða. Hún hafi verið með verk í mjóbaki. Kvaðst C hafa ráðlagt henni að leita til ákærða, en hún hafi haft góða reynslu af honum sem nuddara þar sem hún hafi leitað til hans vegna grindargliðunar er hún hafi glímt við. Hafi ákærði nuddað fast og unnið með mjaðmir og spjaldhrygg. Hann hafi aldrei nuddað C á kynfærasvæðinu og alltaf verið í nærbuxum við nuddið. Umræddan dag hafi brotapoli hringt rétt fyrir kl. 13.00 og verið að koma úr nuddinu frá ákærða. Hún hafi verið æst og í uppnámi. Hafi hún greint frá því að ákærði hafi stungið fingri inn í leggöng sín. C kvaðst vera sálfræðimenntuð. Hún hafi verið með skjólstæðing og af þeim sökum átt erfitt með að tala við hana á þessum tíma. Að loknu viðtalinu við skjólstæðing sinn hafi hún hringt í brotapola og í framhaldi farið heim til hennar. Brotapoli hafi viljað leita á neyðarmóttöku vegna atviksins og hafi þær farið þangað. Brotapoli verið í mikilli geðshræringu og talað mikið á meðan beðið hafi verið eftir viðtali við fagaðila á neyðarmóttöku. Hún hafi sveiflast mikið. Þegar röðin kom að þeim hafi brotapola verið sagt að koma síðar þennan sama dag. Þær hafi farið og fengið sér að borða og síðan farið í bíó. Að því loknu hafi þær farið aftur á neyðarmóttökuna þar sem brotapoli hafi verið skoðuð. Hafi hún sagt að hún

ætlaði að kæra ákærða fyrir brot gegn sér.

Eftir að hafa farið á neyðarmóttökuna hafi C ekið brotþola heim til sín. Þær hafi verið í sambandi næstu daga. Brotþoli hafi ekki lýst atvikum mikið fyrir C að öðru leyti en því að ákærði hefði sett fingur inn í leggöng hennar. Næstu daga á eftir hafi C verið í reglulegu sambandi við brotþola en líðan brotþola hafi verið sveiflukennnd og hún hafi átt erfitt með svefn. Er frá leið hafi líðan hennar orðið betri og hún að mestu jafnað sig á atvikinu. Brotþoli hafi þó ekki viljað fara í nudd eftir þetta. Hún hafi síðar slitið sambandi við kærasta sinn. Þau hafi tekið saman aftur síðar en hann fallið frá. Þetta hafi verið brotþola áfall og hún átt erfitt vegna þess. Er C gaf skýrslu hjá lögreglu greindi hún einnig frá því að brotþoli hafi sagt sér að ákærði hafi nuddað á henni brjóstin, lífbeinið, snípinn, auk þess að hafa sett fingur í leggöng. Er þetta var borið undir C kvað hún þennan framburð sinn hjá lögreglu réttan.

Er mál þetta var í rannsókn hjá lögreglu var tekin skýrsla af þáverandi sambýlismanni brotþola. Sambýlismaðurinn féll frá áður en mál þetta kom til aðalmeðferðar. Hjá lögreglu greindi hann frá því að hann hafi verið á vinnustað sínum fimmtudaginn 28. júní 2012. Um hádegisbil hafi brotþoli komið og hann farið út í bíl til hennar. Hún hafi verið hágrátandi og átt í erfiðleikum með að segja hvað hafi komið fyrir. Eftir að hafa grátið í nokkrar mínútur hafi brotþoli greint frá því að nuddari hafi verið vondur við hana og farið með fingur inn í brotþola. Er sambýlismaðurinn hafi áttað sig á alvarleika málsins hafi hann tekið frí í vinnunni það sem eftir lifði dags. Er hann hafi komið aftur út í bíl hafi brotþoli verið að ræða símleiðis við C. Eftir það símtal hafi sambýlismaðurinn og brotþoli ekið frá vinnustað hans en brotþoli hafi ekki getað ákveðið sig hvert halda skyldi. Þau hafi ekið um áður en þau hafi farið heim til sín og rætt um hvort leggja skyldi fram kæru. Að lokum hafi brotþoli farið með C á neyðarmóttöku. Brotþoli hafi verið í miklu uppnámi eftir þennan atburð og ekki hugsað rökrétt, sveiflast mikið tilfinningalega og stutt verið í táraflóð og grátur. Hafi hún í fyrstu ekki getað verið ein né getað einbeitt sér að því námi sem hún hafi verið í við Háskóla Íslands. Svefninn hafi truflast verulega og hún oft verið þreytt. Sambýlismaðurinn kvaðst sjálfur hafa verið í áfalli eftir þetta.

Fyrir dóminn komu þrjú vitni, sem öll kváðust hafa æft Cross Fit af mikilli alvöru. Lýstu þau því öll að þau hefðu verið í nuddi hjá ákærða. Ákærði hafi verið þekktur fyrir að nudda íþróttafólk með góðum árangri, en hann hafi nuddað fast og þekkt vel þau svæði líkamans sem skiptu máli varðandi nudd. Ákærði hefði nuddað nárasvæði íþróttamanna sem væri nærri kynfærasvæðinu. Er ákærði væri að nudda nára og nálægt kynfærum leitaði hann eftir samþykki fyrir því og útskýrði hvað hann væri að gera.

Fyrir dóminn kom vitni sem sótti næsta tíma í nuddi hjá ákærða á eftir brotaþola þann 28. júní 2012. Kvaðst vitnið hafa beðið fyrir utan nuddstofuna þar til kæmi að því. Kona hafi komið úr nuddi hjá ákærða. Hafi ákærði kallað á eftir konunni og spurt hana hvenær hún kæmi aftur. Konan hafi svarað ákærða. Hafi vitnið ekkert óeðlilegt séð í fasi konunnar.

Yfirmatsmenn staðfestu yfirmatsgerð sína fyrir dóminum og greindu frá einstökum þáttum í matsferlinu. Þeir greindu m.a. frá því að sú aðferð sem ákærði segðist beita gæti í ákveðnum tilvikum gagnast skjólstæðingum. Sá staður er ákærði nuddaði í þeim tilvikum væri hins vegar svo nærri kynfærum að sjúkranuddarar myndu ekki nudda þar. Byggja þyrfti upp traust á milli sjúkranuddara og skjólstæðings áður en slík svæði væru nudduð. Það væri ekki gert í fyrsta nuddtíma. Þá þyrfti að upplýsa skjólstæðing vel um hvert þrep í nuddinu og hver væri tilgangurinn með hverju og einu. Einn matsmanna kvaðst hafa nuddað karlalandslið í handknattleik í tæp 30 ár. Oft hafi verið nuddað í nára. Á þeim ferli hafi hönd eða fingur aldrei runnið til og snert kynfæri.

Sálfræðingur á neyðarmóttöku staðfesti sálfræðilegt vottorð sitt vegna brotaþola frá 17. ágúst 2012. Greindi sálfræðingurinn frá því að brotaþoli hafi komið í frekari viðtöl hjá sálfræðingnum í hugrænni meðferð eftir að vottorðið var gefið út. Hafi þær hist síðast í ágúst 2013. Í lok meðferðarinnar hafi brotaþoli verið kominn á þann stað að uppfylla ekki lengur greiningarviðmið fyrir áfallastreituröskun.

Læknir á neyðarmóttöku staðfesti skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola. Kvað hún brotaþola hafa verið í miklu uppnámi og sjokki og hafa talað hratt. Hún hafi verið trúverðug í lýsingu sinni af atvikum. Hafi læknirinn tekið niður frásögn hennar og fært hana inn í skýrsluna.

Niðurstaða:

Ákærða er gefið að sök kynferðisbrot gagnvart brotaþola, með því að hafa fimmtudaginn 28. júní 2012 á nuddstofu að Suðurlandsbraut í Reykjavík, káfað á kynfærum brotaþola og sett fingur í leggöng hennar, henni að óvöru.

Ákærði neitar sök. Kveðst hann hafa nuddað brotaþola umrætt sinn og beitt sérstakri nuddaðferð sem gagnast hafi skjólstæðingum við verkjum í mjóbaki. Er ákærði hafi þrýst á vöðva á hægri fæti nærri spangarsvæðinu hafi hönd hans runnið til og nögl fingurs komið við skapabarma brotaþola og nöglin stungist örlítið inn.

Brotaþoli kveður ákærða hafa brotið gegn sér umrætt sinn. Hafi hann ítrekað komið við kynfæri hennar, skapabarma og sníp. Þá hafi hann stungið hálfum fingri inn í leggöng hennar. Hafi brotaþoli verið sem frosin allan þennan tíma og liðið mjög illa.

Dómkvaddir yfirmatsmenn hafa lýst því að aðferð sú sem ákærði beitti með því að þrýsta á vöðva nærri spangarsvæðinu væri til, þó svo hún væri ekki notuð hér á landi af sjúkranuddurum. Hafi yfirmatsmenn fyrst heyrt af þessari nuddaðferð þegar þeir hafi unnið yfirmatið. Gæti slíkt nudd gagnast skjólstæðingum við ákveðnar aðstæður. Hins vegar þyrfti að fara mjög varlega þegar nuddað væri svo nærri kynfærasvæði og yrði að gera það í nánú samráði við skjólstæðing.

Niðurstaða þessa máls ræðst að stærstum hluta af trúverðugleika framburða ákærða og brotaþola. Að mati dómsins er framburður ákærða ótrúverðugur um tiltekin atriði málsins. Ákærði hefur að eigin sögn nuddað skjólstæðinga í mörg ár. Honum var því ljóst mikilvægi þess að þegar nuddað væri nærri kynfærasvæði væri það gert í fullu samráði við skjólstæðing og væri skjólstæðingurinn upplýstur um hvert skref, sem og tilgang með því. Þrátt fyrir þetta lýsti ákærði fyrir dóminum að hann hafi helst ekki viljað nudda brotaþola þar sem hún hafi verið erfiður skjólstæðingur. Engu að síður ákvað ákærði, undir lok meðferðarinnar og án þess að leita eftir samþykki brotaþola, að þrýsta á vöðva við spangarsvæðið brotaþola. Það gerði ákærði án þess að þekkja brotaþola svo til neitt, en brotaþoli var að koma í sinn fyrsta tíma til ákærða. Var brotaþoli á þessum tíma án nærfata og einungis með lak yfir hluta líkamans. Ákærði fór þess á leit við brotaþola að hún afklæddist nærfatnaði við nuddið. Gerði það enn ríkari kröfur til þess að ákærði sýndi mikla aðgát og tillitssemi við nuddið. Er framburður ákærða um þessa háttsemi sína og aðstæður haldinn talsverðum ótrúverðugleikablæ. Þá er misræmi í framburði ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi um ástæður þess að fingur hans snerti sköp brotaþola. Hjá lögreglu bar ákærði að hann hafi runnið í kremi og af þeim ástæðum snert sköp brotaþola. Fyrir dómi kvaðst ákærði ekkert krem hafa notað á þetta svæði og hafi það ekki verið ástæða þess að fingur hans kom við sköp brotaþola. Loks er til þess að líta að nudd á eða við spangarsvæði er á sérstaklega viðkvæmu svæði líkamans. Eru nánast engar líkur á því að nuddara verði á þau mistök að snerta sköp skjólstæðings við meðhöndlun þessa svæðis. Öll þau atriði er hér að ofan greinir gera framburð ákærða ótrúverðugan um mikilvæg atriði málsins.

Brotaþoli hefur á hinn bóginn verið trúverðug í frásögn sinni. Samræmi er í frásögn hennar af atvikum við skýrslugjöf hjá lögreglu, í skýrslu hjá neyðarmóttöku og síðan hér fyrir dóminum. Brotaþoli var í miklu uppnámi við skýrslugjöfina fyrir dóminum og einsýnt að atburðurinn ristir enn djúpt þó svo hart nær fjögur ár séu liðin síðan atvik voru. Ástand brotaþola við skýrslugjöfina skýrir vafalaust að hún kvað ívið fastar að orði um atvik í frásögn sinni fyrir dóminum en áður. Gerir það framburð brotaþola ekki ótrúverðugan.

Vitni sem hittu brotaþola þennan dag lýsa því öll að brotaþoli hafi verið í miklu uppnámi og í sjokki. Hafi hún grátið mikið. Um þetta bera vitnin C og

fyrrum sambýlismaður ákærðu, en unnt er að styðjast við framburð hans um þetta atriði með hliðsjón af 3. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008. Eins styður framburður læknis á neyðarmóttöku þetta en í skýrslu hans er fært að brotaþoli hafi verið í losti og fengið grátköst. Hún hafi verið með skjálfta, hroll og vöðvaspennu. Þá hafi hún verið með ógleði og magaverki. Loks er til þess að líta að sálfræðingur sem hitti brotaþola í framhaldi af þessu greindi hana með áfallastreituröskun, sem rekja mætti til þessa atburðar. Allt þetta þykir styðja það að brotaþoli hafi upplifað atburð sem hafi haft gríðarlega mikil áhrif á hana. Atburð sem hafi verið annars eðlis en ákærði hefur lýst.

Eins og áður var rakið er framburður ákærða ótrúverðugur um mikilvæg atriði málsins. Með hliðsjón af því og framburðum vitna um ástand brotaþola þennan dag verður trúverðugur framburður brotaþola lagður til grundvallar niðurstöðu og talið sannað að ákærði hafi káfað á kynfærum hennar og sett fingur í leggöng hennar. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og á háttsemi hans undir 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði er fæddur í desember 1956. Hann hefur ekki áður sætt refsingu svo kunnugt sé. Ákærði misnotaði freklega aðstöðu sína er hann nuddaði brotaþola. Mátti brotaþoli treysta því að hún fengi faglega meðferð hjá honum við meini sínu. Með hliðsjón af því verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í 2 ár. Mál þetta hefur dregist nokkuð í meðförum. Verður það að hluta til rakið til ákærða, sem sökum veikinda gat ekki tekið þátt í fundi yfirmatsmanna, þegar þeir unnu að yfirmati í málinu. Í ljósi þessa og með hliðsjón af sakarefni málsins er ekki unnt að skilorðsbinda refsinguna að neinu leyti.

Samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og með hliðsjón af þeim gögnum sem liggja fyrir um afleiðingar brotsins fyrir andlega hagi brotaþola eru miskabætur henni til handa hæfilega ákveðnar 900.000 krónur ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir. Ákærða var birt bótakrafan 24. júlí 2012 og miðast upphafstími dráttarvaxta við þann dag er liðnir voru 30 dagar frá þeim degi.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað, málsvarnarlaun verjanda, þóknun verjanda á rannsóknarstigi og þóknun réttargæslumanns brotaþola að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði.

Símon Sigvaldason héraðsdómari kvað upp dóminn ásamt meðdómsmönnum Ólöfu H. Bjarnadóttur endurhæfingarlækni og Styrmí Sigurðssyni löggiltum sjúkrannuddara.

Mál þetta flutti af hálfu ákæruvalds Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, Sverrir Hjaltason, sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði greiði A 900.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 28. júní 2012 til 24. ágúst sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 5.240.386 krónur í sakarkostnað, þar með talið málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 2.588.190 krónur, þóknun verjenda á rannsóknarstigi, Brynjólfs Eyvindarsonar héraðsdómslögmanns, 61.380 krónur og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Gunnhildar Pétursdóttur héraðsdómslögmanns, 604.655 krónur.

Símon Sigvaldason

Ólöf H. Bjarnadóttir

Styrmir Sigurðsson